



Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. <i>D. O. f.</i>	K/S <i>28.11.18</i>
Ábmr. <i>[Signature]</i>	Svfr.
Afgr. <i>[Signature]</i>	( )Bréf ( )St.
Lvm.	Trm.

KPMG ehf.  
Austurvegi 4  
800 Selfoss

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang [www.kpmg.is](http://www.kpmg.is)

Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri  
Árnesi  
801 Selfoss

26. nóvember 2018

### Endurskoðun hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Vegna starfa KPMG ehf. (hér eftir vísað til sem KPMG) sem endurskoðandi Skeiða- og Gnúpverjahrepps og stofnana og fyrirtækja sem eru hluti af A og B hluta þess (hér eftir vísað til sem sveitarfélagið), vill KPMG koma á framfæri eftirfarandi lýsingu á því sem þjónusta KPMG felur í sér og skilgreiningu á ábyrgð KPMG annars vegar og sveitarstjórnar og framkvæmdastjóra sveitarfélagsins hins vegar. Bréf sem þetta sendir KPMG viðskiptavinum sínum á nokkurra ára fresti og er því meðal annars ætlað að draga úr líkum á misskilningi milli KPMG og sveitarstjórnar og framkvæmdastjóra viðskiptavinarins um ábyrgð aðila.

Bréf þetta nær til stofnana og fyrirtækja sem eru hluti af A og B hluta sveitarfélagsins og munu stjórnendur sveitarfélagsins tryggja að þau hlíti ákvæðum þess. Til A hluta teljast Aðalsjóður, Eignasjóður og Þjónustustöð. Til B hluta teljast Fjárskiptafélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps ehf., Vatnsveita, Hitaveita Brautarholts, Leiguíbúðir, Félagslegar íbúðir og Fráveita.

### Endurskoðun

#### *Hlutverk sveitarstjórnar og framkvæmdastjóra*

Samkvæmt lögum ber sveitastjórn og framkvæmdastjóra að sjá til þess að sveitarfélagið haldi bókhald í samræmi við lög og reglur, að meðferð eigna þess sé með tryggum hætti og að virkt innra eftirlit sé til staðar.

Í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla mun KPMG beina fyrirspurnum til tiltekinna stjórnenda varðandi upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og um virkni innra eftirlits með fjárhagslegum upplýsingum. Auk þess er KPMG skylt í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla að afla skriflegra staðfestinga frá tilteknum stjórnendum um þessi atriði.

Endurskoðun okkar mun verða framkvæmd á þeim forsendum að sveitarstjórn og framkvæmdastjóri skilji og samþykki að þeir bera ábyrgð á eftirfarandi:

- Að gerður sé ársreikningur fyrir sveitarfélagið, sem gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og afkomu þess og breytingu á handbæru fé í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.
- Að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og koma upp um sviksemi og skekkjur.

- c) Að veita endurskoðendum tímanlega aðgang að öllum gögnum og upplýsingum sem þeir telja nauðsynlegar vegna starfa sinna og varða undirbúning og gerð ársreiknings, þar með talið aðgang að starfsfólki, upplýsingakerfum og starfsstöðvum.

### ***Hlutverk endurskoðanda***

KPMG annast endurskoðun hjá sveitarfélaginu og lætur í ljós álit á ársreikningi þess með áritun sinni á hann. Markmið endurskoðunarinnar er að komast að raun um hvort ársreikningur sveitarfélagsins gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og afkomu þess og breytingu á handbæru fé í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög. Ábyrgð endurskoðanda byggist á lögum og felst í því álitum sem hann gefur á ársreikningnum.

KPMG mun haga endurskoðuninni í samræmi við gildandi lög og reglur, sbr. einkum lög um ársreikninga nr. 3/2006 og lög um endurskoðendur nr. 79/2008, og alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum, en beinist ekki sérstaklega að því að leiða í ljós svik eða annað misferli. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild.

Það eru eðlislægar takmarkanir á endurskoðunarvinnu, svo sem vegna þess að hún byggir að hluta á úrtakskönnunum, og vegna þess að sá möguleiki er fyrir hendi að samsæri eða falsanir geti komið í veg fyrir að meiriháttar skekkjur, svik eða ólöglegt athæfi uppgötvist. Að auki er endurskoðun ekki skipulögð með það fyrir augum að uppgötva svik eða skekkjur sem eru óverulegar með tilliti til ársreikningsins. Komi hins vegar við endurskoðunina fram vísbendingar um svik eða annað ólöglegt athæfi af einhverju tagi mun KPMG gera sveitarstjórn og framkvæmdastjóra sveitarfélagsins viðvart þegar í stað.

KPMG skal vekja athygli sveitarstjórnar og framkvæmdastjóra á verulegum veikleikum í reikningshaldi og innra eftirliti sveitarfélagsins sem fram kunna að koma við endurskoðunina. KPMG skal koma á framfæri til sveitarstjórnar og framkvæmdastjóra niðurstöðum endurskoðunar sinnar áður en gengið er endanlega frá ársreikningi sveitarfélagsins.

Við undirbúning og framkvæmd endurskoðunarinnar mun KPMG taka tillit til innra eftirlits sveitarfélagsins við ákvörðun um eðli, tímasetningu og umfang endurskoðunarinnar. Þetta miðar að því að hægt sé að láta í ljós álit á ársreikningi en ekki að staðfesta virkni innra eftirlits.

Framsetning og innihald áritunar KPMG á ársreikninginn verður í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, ISA 700 og eftir atvikum ISA 705 eða 706. Svo framarlega sem ársreikningurinn gefur glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga og viðbótarkröfur samkvæmt íslenskum lögum mun áritun á ársreikninginn verða fyrirvaralaus í samræmi við ákvæði ISA 700. Hugsanlega mun þurfa að víkja frá fyrirvaralausri áritun ef niðurstöður endurskoðunarinnar gefa tilefni til og mun áritunin þá taka mið af ákvæðum ISA 705 eða 706. Áritunina er einungis heimilt að nota eða birta í tengslum við þann ársreikning sem við á hverju sinni en ekki í öðru samhengi án skriflegs leyfis KPMG, s.s. í tengslum við útdrátt úr ársreikningi. Um takmarkanir á dreifingu endurskoðunarskýrslu fer eftir skilmálum sem tilgreindir eru í skýrslunni.



## Önnur þjónusta

KPMG mun veita aðra þjónustu sem lög og reglur gera kröfu um að endurskoðandi sveitarfélagsins veiti, s.s. varðandi staðfestingu á upplýsingum til opinberra aðila.

KPMG getur aðstoðað við gerð ársreiknings sveitarfélagsins að því marki sem stjórnendur sveitarfélagsins telja þörf á. Taka ber fram að KPMG getur þó ekki veitt slíka þjónustu ef hún verður talin hafa áhrif á óhæði KPMG sem endurskoðandi sveitarfélagsins. Allar ákvarðanir varðandi undirbúning og gerð ársreiknings skulu því teknar af sveitarfélaginu.

KPMG getur veitt aðstoð við framsetningu og lokafrágang fjárhagsáætlana sveitarfélagsins eftir því sem stjórnendur sveitarfélagsins óska. Taka ber fram að KPMG getur þó ekki veitt slíka þjónustu ef hún verður talin hafa áhrif á óhæði okkar sem endurskoðandi sveitarfélagsins. Allar ákvarðanir varðandi undirbúning og gerð fjárhagsáætlana skulu því teknar af sveitarfélaginu.

KPMG getur tekið að sér að kanna árshlutareikninga sveitarfélagsins óski stjórnendur sveitarfélagsins þess. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sveitarfélagsins sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun árshlutareiknings felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun, sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að KPMG fái vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi lætur KPMG ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Þegar breytingar verða á lögum eða reglum sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil sveitarfélagsins eða framsetningu ársreiknings skal KPMG gera stjórnendum sveitarfélagsins grein fyrir því.

KPMG getur veitt veita aðstoð í skattalegum málefnum í samræmi við óskir stjórnenda, svo sem varðandi virðisaukaskatt og fjármagnstekjuskatt. KPMG getur þó ekki veitt slíka þjónustu ef hún verður talin hafa áhrif á óhæði KPMG sem endurskoðandi. Að því er slíka aðstoð varðar takmarkast ábyrgð KPMG við fjárhæð sem nemur tvöfaldri þeirri þóknun sem greiða ber fyrir þá þjónustu samkvæmt skilmálum bréfs þessa.

KPMG mun fúslega taka að sér að veita aðra þjónustu eftir því sem stjórnendur sveitarfélagsins óska, svo fremi að það stangist ekki á við óhæði KPMG sem endurskoðanda sveitarfélagsins. Það skal þó tekið fram að þetta bréf nær einungis til umræddrar þjónustu. Óski sveitarfélagið eftir að KPMG inni aðra þjónustu af hendi skal gert sérstakt samkomulag þess efnis.


Framangreind önnur þjónusta kann að vera veitt að hluta af KPMG Lögmonnum ehf., á grundvelli samstarfssamnings þess félags og KPMG.

### Aðgangur að gögnum og trúnaður

Við endurskoðunina skal KPMG hafa aðgang að öllum þeim gögnum sveitarfélagsins sem teljast nauðsynleg vegna endurskoðunarinnar.

Vinnugögn og rafrænar skrár sem KPMG hefur útbúið í tengslum við endurskoðun ársreiknings sveitarfélagsins og tengda þjónustu eru eign KPMG. Vinnugögn sem sveitarfélagið hefur útbúið eru eign sveitarfélagsins en KPMG er heimilt að taka afrit af slíkum gögnum að því leyti sem þau varða endurskoðunina og tengda þjónustu.

Við endurskoðunina kann KPMG að verða áskynja um upplýsingar sem eru viðkvæmar fyrir starfsemi eða málefni sveitarfélagsins („trúnaðarupplýsingar“). Við meðferð slíkra trúnaðarupplýsinga mun KPMG fylgja landslögum, stjórnvaldsreglum og öðrum ákvæðum um



meðferð trúnaðarupplýsinga sem KPMG ber að fylgja, sbr. einkum ákvæði um þagnarskyldu endurskoðenda í 30. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008. KPMG tryggir að starfsmenn séu upplýstir um sínar trúnaðarskyldur.

Trúnaðarskyldan á ekki við um upplýsingar sem löglega eru á almannavitorði eða sem skylt er að láta uppi samkvæmt lögum, stjórnvaldsreglum eða dómsúrskurði. KPMG er heimilt að láta uppi trúnaðarupplýsingar þegar nauðsyn krefur gagnvart váttryggingafélagi eða ráðgjöfum í tengslum við starfsábyrgðartryggingar KPMG, en það yrði einungis gert í trúnaði.

Rafræn varðveisla gagna er með þeim hætti að KPMG uppfyllir allar viðeigandi trúnaðarskyldur og gerir ráðstafanir til að tryggja öryggi tæknibúnaðar í því skyni að fyrirbyggja óleyfilegan og ólöglegan aðgang eða notkun á slíkum upplýsingum og gögnum og/eða tap eða eyðileggingu á slíkum gögnum.

### **Meðferð upplýsinga og persónuvernd**

KPMG hlítir lögum og reglum um vernd gagna og persónuupplýsinga. KPMG er endurskoðunarfyrirtæki samkvæmt lögum um endurskoðendur nr. 79/2008. Við endurskoðun er KPMG bundið af fyrirmælum laga um endurskoðendur og annarrar löggjafar, auk alþjóðlegra staðla um endurskoðun og siðareglna fyrir endurskoðendur. Endurskoðanda ber að vera óháður í störfum sínum og því ákvarðar KPMG tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga sem móttæknar hafa verið frá sveitarfélaginu í tengslum við endurskoðun eða aðrar lagaskyldur endurskoðanda. Af því leiðir að KPMG telst ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem kann að fara fram í tengslum við endurskoðunarverkefni eða hliðstæð lögbundin verkefni. Við vinnslu annarra verkefna en endurskoðunar sem fela í sér meðferð persónuupplýsinga telst KPMG ýmist ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili í skilningi persónuverndarlöggjafar, allt eftir eðli þjónustunnar.

Auk starfsmanna KPMG ehf. kunna starfsmenn KPMG Lögmanna ehf. að veita sveitarfélaginu aðra þjónustu en endurskoðun á grundvelli bréfs þessa. Upplýsingar um sveitarfélagið kunna þá að fara á milli þessara aðila, en KPMG Lögmenn ehf. lúta sömu reglum og KPMG ehf. hvað varðar trúnað og meðferð persónuupplýsinga.

KPMG er heimilt að nýta upplýsingar um sveitarfélagið og verkefnið til að uppfæra samskiptaskrár KPMG og samskiptagrunna um starfsmenn sveitarfélagsins í þeim tilgangi að auðvelda samskipti við þá starfsmenn.

### **Þóknun**

Sú þjónusta sem KPMG lætur í té er unnin á tímavinnugrundvelli og er tímagjald fyrir hvern starfsmann miðað við reynslu hans, menntun og hæfni. Reikningar eru sendir eftir því sem verkinu miðar áfram.

### **Samskipti**

Auðunn Guðjónsson endurskoðandi ber ábyrgð á endurskoðun hjá sveitarfélaginu og annast samskipti KPMG við það.

Samskipti KPMG og sveitarfélagsins geta farið fram í gegnum tölvupóst svo fremi að sveitarfélagið sætti sig við að bera ábyrgð á þeirri áhættu sem slíkum samskiptum fylgir og að sveitarfélagið viðhafi vírusvarnir.



Starfsmönnum KPMG er heimilt að tengja fartölvur sínar við netkerfi sveitarfélagsins ef þörf krefur bæði með beinum hætti eða gegnum fjartengingar svo sem VPN eða Terminal Services Client og samþykkir sveitarfélagið þá áhættu sem slíkum tengingum getur fylgt.

### Önnur atriði

Ákvæði bréfs þessa eru í samræmi við íslensk lög og skal því framfylgt samkvæmt þeim lögum. Öllum deilumálum sem upp kunna að koma vegna þess skal vísað til íslenskra dómstóla náist ekki samkomulag milli aðila.

Ákvæði bréfs þessa gilda þar til annað er ákveðið. Verði verulegar breytingar á stjórnun sveitarfélagsins á þeim tíma verður það tekið til endurskoðunar. Hvor aðili getur hvenær sem er sagt upp ákvæðum bréfs þessa með skriflegri tilkynningu til hins aðilans, sbr. þó ákvæði 20. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008 og 100. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006. Uppsögnin hefur ekki áhrif á nein réttindi sem annar hvor aðili kann að hafa öðlast áður en uppsögnin á sér stað, og öll sú þóknun sem greiða ber KPMG skal að fullu verða gjaldkræf þegar uppsögn kemur til framkvæmdar.

Bréfi þessu er ætlað að skilgreina ábyrgð og hlutverk KPMG og sveitarstjórnar og framkvæmdastjóra sveitarfélagsins vegna endurskoðunarinnar og kemur það í stað fyrri sambærilegra bréfa. Verði breytingar á lögum eða skilgreiningum sem efni bréfsins nær til eru slíkar breytingar gerðar skriflega og staðfestar af aðilum.

KPMG mun að sjálfsögðu veita allar þær viðbótarupplýsingar sem sveitarfélagið kann að óska eftir um hlutverk KPMG og ábyrgð. Um leið og lýst er yfir ánægju með að annast umrædda þjónustu fyrir sveitarfélagið er óskað eftir að bréfið verði undirritað til staðfestingar á efni þess og undirritað eintak endursent til KPMG.


Virðingarfyllst,

**KPMG ehf.**




Auðunn Guðjónsson, endurskoðandi

Staðfest fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps, 26. nóvember 2018



Sveitarstjóri  
Skeiða- og  
Gnúpverjahrepps



Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri